

EFTIRLITSSKÝRSLA

Elkem Ísland ehf. Hvalfjörður



Dags eftirlits	20.5.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Elkem Ísland ehf.	Eftirlitsmaður	Anna Stella Guðmundsdóttir
Heimili	Grundartanga	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	6406750209	Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Sigurjón Svavarsson	ÍSAT nr.	24.10.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	365514,62 431317,984

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrri reglbundnu vettvangsferð ársins í Elkem Ísland hf.

Í eftirlitinu kom fram eitt frávik frá starfsleyfi og einni ábendingu var komið á framfæri.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var:

- Viðbrögð við ábendingum og frávikum úr eftirliti 2020.
- Niðurstöður mælinga 2020.
- Gagnaskil skv. starfsleyfi.
- ETS –vöktunaraðferðir efnisstrauma.
- Skoðunarferð með áherslu á framleiðsluferilinn.

1. Síðasta eftirlit fór fram 26. nóvember 2020 en þá var gerð ábending við afsog frá aftöppun ofna. Rekstraraðili kynnti að vinna stæði yfir að forgangsráða endurbótum á afsogskerfi við helstu ryk uppsprettur innandyra í verksmiðjuhúsi. Í fyrra eftirliti 2020 sem fram fór 4. júní kom fram frávik þar sem að mánaðarmeðaltal losunar á SO₂ í útblæstri var yfir starfsleyfismörkum. Verklagi við stýringu ofna var breytt í kjölfarið og hefur losun SO₂ verið innan marka síðan þá.

2. Mælingar í útblæstri og frárennsli hafa verið framkvæmdar í samræmi við gildandi mælingaáætlun á árinu 2020. BAT- niðurstöður varðandi iðnað með járnláusan málm voru gefnar út 30. júlí 2016 en í þeim eru m.a. gerðar strangari kröfur varðandi losunargildi ryks í útblæstri.

3. Skýrslu um rekstur reykhreinsivirkja, brennistein í hráefnum og meðhöndlun aukaafurða fyrir rekstrarárið 2020 var skilað sem drög 1. mars sl. og endanleg útgáfa 30. apríl sl. Skýrslan uppfyllir einnig kröfur um skil á grænu bókhaldi skv. reglugerð 251/2002 um grænt bókhald. Útstreymisbókhaldi var skilað 30. mars sl.

4. Sérfræðingur Umhverfisstofnunar sem fer með málefni Elkem í ETS viðskiptakerfi Evrópusambandsins um losunarheimildir fór yfir helstu efnisstrauma og skýrslugjöf m.t.t. losunar gróðurhúsalofttegunda.

5. Í skoðunarferðinni var gengið um verksmiðjulóðina frá hráefnasvæði og þaðan inn í ofnhús þar sem að fylgst var með aftöppun á ofni 3. Umgengni var almennt góð. Talsverður reykur var í ofnhúsi þegar á aftöppun stóð. Afsogskerfi annaði ekki nægjanlega að hreinsa reykinn þar sem að hann leitaði að hluta til framhjá afsogshettunni.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

Grein 2.23 í starfsleyfi og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni

Í eftirliti kom fram að notast hefur verið við efni af tegundinni Hot Sic við endurfóðringu á töppunarholum en það inniheldur koltjörubik sem var sett á bannlista ECHA sbr. Annex XIV reglugerðar REACH í október sl.

(REACH).

ÁBENDINGAR

Í skoðunarferðinni var fylgst með aftöppun frá ofni. Talsverður reykur kom við framkvæmdina og afsog var ekki nægjanlegt til að fanga reykinn með fullnægjandi hætti. Skv. ákvæðum starfsleyfis skal hönnun og rekstur verksmiðjunnar miðast við að halda rykmengun í lágmarki og safna skuli ryki og hreinsa á skilvirkan hátt frá m.a. aftöppun.

ANNAD

Rekstraraðili hefur sent inn fyrirspurnir varðandi notkun leirs af tegundinni Hot Sic til endurfóðringar á töppunarholum ofnanna. Efnið inniheldur koltjörubik (CTPht) sem hefur varasama eiginleika skv. 57. gr. REACH reglugerðar. Efnið hefur verið notað um árabil en koltjörubik var sett á bannlista Evrópusambandsins skv. Annex XIV REACH reglugerðar í október 2020. Rekstraraðili hefur hafið tilraunir við að nota annars konar efni við endurfóðringar á töppunarholum ofnanna.

Skv. uppfærðu áhættumati til ákvörðunar á tíðni vettvangsheimsókna fellur starfsleyfi Elkem í áhættuflokk A sem þýðir eina vettvangsferð eða fleiri árið 2021. Áætlað er að farið verði í tvær vettvangsheimsóknir á árinu. Áhættumatið verður svo uppfært að nýju útfrá niðurstöðum úr eftirliti ársins og tíðni vettvangsheimsókna endurskoðuð í kjölfarið.

Breyting á starfsleyfi sem heimilar endurnýtingar eldhúðar var gefið út 2. júní 2021. Gildistími starfsleyfisins er óbreyttur þ.e. til 1. september 2025.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.12.2021


Halla Einarssdóttir

